



VÍÐISTAÐASKÓLI

ÁBYRGÐ – VIRÐING - VINÁTTA

KENNSLUÁÆTLUN SKÓLAÁRIÐ 2022 -2023

Námsgrein: Stærðfræði

Árgangur: 5. bekkur

Tímar á viku: 5 tímar

Kennari/ar: Sandra Dögg Friðriksdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Svanhildur Þorgeirsdóttir

Markmið- hvað ætlum við að læra?

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Tjáð sig um stærðfræði og útskýrt hugsun sína á skipulegan hátt, bæði munnlega og skriflega
- Skráð niðurstöður á mismunandi hátt s.s. skriflega, myndrænt, í súluriti og línuriti.
- Leyst í huganum og unnið með einföld stærðfræðileg viðfangsefni s.s. reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Notað hugtök stærðfræðinnar.
- Áttað sig á að það eru til ólíkar leiðir til að nálgast viðfangsefnið.
- Áttað sig á hvaða verkfæri er hentugt að nota.
- Glímt við lausnir verkefna og þrauta í tengslum við daglegt líf og önnur svið.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn.
- Unnið með orðadæmi og lausnir.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Unnið einn og í samvinnu við aðra.
- Skýrt lausnaleið sína fyrir öðrum í töluðu máli og rituðu.
- Reiknað með háum tölum.
- Lesið einfaldan texta og unnið úr þeim upplýsingum sem þar koma fram.
- Notað fleiri en eina leið við útreikninga.
- Notað vasareikni.
- Notað fjölbreyttar aðferðir við lausn verkefna og beitt rökhugsun.

Tölur og reikningur

- Skráð stærðir og hutföll.
- Greint almenn brot og geti lagt saman og dregið frá með samnefndum brotum.
- Lagt saman og dregið frá tveggja stafa tölur í huganum.
- Margfaldað og deilt í huganum innan 10x10 margföldunartöflunnar.
- Fundið 1%, 10% og 50% af heilum hundruðum.
- Tekið til láns og geymt.
- Þekkt sætiskerfið.
- Skilgreint hugtökin teljari og nefnari, borið saman almenn brot og fundið jafnstór brot.
- Unnið með tveggja og þriggja stafa tölur í samlagningu og frádrætti.
- Þekkt hugtakið að ganga upp í.
- Notað samlagningu, frádrátt með allt að fimm stafa tölu.
- Unnið með almenn brot og tugabrot á myndrænan hátt.
- Skilgreint negatífar tölur þar sem áhersla er á talnalínuna.
- Skilgreint að margföldun og deiling, samlagning og frádráttur eru andhverfar aðgerðir.

- Lagt saman tugabrot með einum aukastaf.
- Breytt milli algengra eininga í metrakerfi.
- Notað margföldun og deilingu við að leysa þrautir af mismunandi gerð.
- Námundað að tug og hundraði.

Algebra

- Reiknað einfaldar jöfnur með óþekktri stærð ($x + 75 = 95$)
- Unnið með mynstur talna sem myndast við endurteknar reikniaðgerðir.
- Notað víxlreglu.

Rúmfræði og mælingar

- Þekkt helstu form, kannað eiginleika og einkenni þessara forma.
- Notað gráðuboga.
- Getað mælt og áætlað horn.
- Notað hnitakerfi.
- Þekki tvívíð form.
- Gert sér grein fyrir hvað felst í því að mæla og valið sér mælieiningar sem henta.
- Áttað sig á uppbyggingu metrakerfisins.
- Hliðrað, speglað og snúið myndum.
- Þekkt hugtök eins og línu og strik.
- Þekkt og notað hugtökin rétt horn, hvasst horn og gleitt horn.
- Áætlað og fundið ummál og flatarmál.

Tölfræði og líkindi

- Gert ýmsar kannanir sem byggja á spurningalistum, mismunandi mælieiningum og talningu.
- Sótt sér viðeigandi gögn til að komast að niðurstöðu verkefnis.
- Unnið og lesið úr niðurstöðum.
- Lýst helstu niðurstöðum gagna með miðgildi og tíðasta gildi.
- Flokkað og sett fram upplýsingar og miðlað upplýsingunum.

Námsefni- hvaða bækur og gögn notum við?

Stika 1a Nemendabók og Æfingahefti. Stika 1b Nemendabók og Æfingahefti

Kennsluaðferðir – hvernig vinnum við í kennslustundum?

Einstaklingsvinna, hringekjur. Einnig eru ýmis forrit í spjaldtölvum nýtt.

Námsmat – hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Kannanir í lok kafla sem sýna hvort nemandi hafi náð tökum á efni og hæfni. Hæfniviðmið verða tengd við hvern kafla. Próf í janúar og maí.

Kennari áskilur sér rétt til breytinga